

19.11.2014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu

Persónuvernd vísar til tölvupósts velferðarnefndar frá 30. október 2014 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu (þskj. 27, 27. mál á 144. löggjafarþingi).

Með tillögunni er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að setja fram aðgerðaáætlun til eflingar fjarheilbrigðisþjónustu svo bjóða megi landsmönnum, hvar sem þeir eru í sveit settir, fjölbreytta, skilvirka og örugga heilbrigðisþjónustu.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við framkomna tillögu en leggur áherslu á að sérstaklega verði hugað að mikilvægi þess að tryggja öryggi persónuupplýsinga við mótun slíkrar aðgerðaráætlunar, sbr. 11.-13. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Með góðri kveðju,

Vigdís Eva Líndal
lögfræðingur